

**Framsal heimilda til starfsmanna Barnaverndarnefndar A-Hún
sbr. 3. mgr. 14. greinar laga nr. 80/2002.**

Hér með heimilar Barnaverndarnefnd A-Hún starfsmönnum sínum ákvörðunartöku í eftirfarandi verkferlum í vinnslu barnaverndarmála. Heimild þessari fylgir jafnframt ábyrgð á að verkferlar málsins séu framkvæmdir í samræmi við þau lög og reglugerðir sem við eiga í hverju tilfalli, auk þess vinnulags sem greint er frá hér að neðan.

Starfsmenn nefndarinnar:

- Bera ábyrgð á móttöku tilkynninga um misbresti í aðbúnaði barna sbr. 16-18 gr. Barnaverndarlaga, form skráningar á viðkomandi tilkynningu og hafa heimild til að ákvarða hvort hefja skuli könnun máls á grundvelli umræddrar tilkynningar.
- Bera ábyrgð á varðveislu þeirra gagna sem safnast á meðan vinnsla máls stendur yfir.
- Bera ábyrgð á að færa til bókar rökstuðning fyrir því að hefja könnun máls eða af hverju það skuli ekki gert, að öðru leiti skal mið tekið af 21. og 22. gr. BV-laga.
- Hafa heimild til að leggja faglegt mat á hvort könnun máls, gefi ástæðu til beitingu úrræða sbr. 23. grein Barnaverndarlaga eða hvort málinu skuli lokið. Skal ákvörðun á hvorn veginn sem er ávallt vera rökstudd og færð til bókar.
- Er heimilt að taka ákvörðun um beitingu úrræða þeirra sem getið er á um í 24. grein fyrrgreindra laga.
- Skulu kynna nefndinni ofangreindar ákvarðanir á fundum hennar.

Ákvarðanir um lok máls, þar sem beitt hefur verið úrræðum Barnaverndarlaga, skulu að öllu jöfnu vera teknar af Barnaverndarnefnd A-Hún. Undantekningar geta þó verið á þessari reglu, sé þeim beitt skulu starfsmenn nefndarinnar gera grein fyrir slíkri ákvörðun á næsta reglulega fundi nefndarinnar.

Framsal þetta var lagt fyrir og samþykkt á fundi Barnaverndarnefndar A-Hún 21.02.2008.

Barnaverndarnefnd A-Hún

Jensína Lýðsdóttir

Guðbjörg Ólafsdóttir

Stefán Ólafsson

Þorbjörg Bjarnadóttir

Vilborg Pétursdóttir



Félags- og skólabjónusta A-Hún

Barnaverndarstofa
Borgartún 21
105 Reykjavík

Blönduós 22. ágúst 2011

Efni: Framsal heimilda skv. 3 mgr. 14 gr 80/2002

Í framsali heimilda Barnaverndarnefndar A-Hún til starfsmanna sinna samþykkt 21.02.2008 er starfsmönnum veittar heimildir skv. 16-18 gr. og 21-24 gr. barnaverndarlaga 80/2002.

Í 31. gr. barnaverndarlaga 80/2002 segir: *Ef vinda þarf bráðan bug að ráðstöfin sem heyrir undir barnaverndarnefnd getur formaður hennar eða starfsmaður í umboði hans, án undangenginnar málsmeðferðar skv. VIII. kafla, framkvæmt hana.*

Hér með veiti ég undirrituð formaður barnaverndarnefndar A-Hún starfsmönnum barnaverndar A-Hún heimild til að nýta sér lagagrein þessa.

Blönduosi 22/8 11
Staður / dags

Guðbjörg Ólafsdóttir
Guðbjörg Ólafsdóttir
Formaður félagsmálaráðs/barnaverndarnefndar A-Hún